



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfirður | Kópavogur

Skammtímarými Hrafnistu Reykjavík

og Hafnarfirði

Upplýsingar fyrir starfsmenn

heimahjúkrunar og útskriftateymi LSH

Hvíldarinnlög getur varað í allt að 4 – 6 vikur, allt eftir þörfum hvers og eins.

Umsóknum skal skila til Margrétar Albertsdóttur félagsráðgjafa á eyðublöðum sem eru á vef Hrafnistu, www.hrafnista.is með umsóknum skal fylgja hjúkrunar- og læknaþréf.

Hvíldarrýmið er staðsett á dvalarheimili.

Dvalargestum í hvíldarrýmum er velkomið að nýta sér alla almenna þjónustu Hrafnistu og taka þátt í félagsstarfi og viðburðum sem í boði eru fyrir heimilisfólk. Samskiptafulltrúi /hjúkrunardeildarstjóri tekur á móti dvalargestum og er þeim til halds og trausts. Hann kynnir fyrir viðkomandi þá þjónustu sem í boði er og veitir félagslegan stuðning og hvatningu.

Aðstandendur, jafnt sem heimilisfólk, geta leitað til þeirra.

Samskiptafulltrúi Hrafnistu í Reykjavík er Ruth Árnadóttir

Hjúkrunardeildarstjóri Hafnarfirði er Guðríður Sigurðardóttir

Mikilvægt er að láta vita af fyrirhuguðum læknisrannsóknum, aðgerðum og/eða lyfjaendurnýjun.

Í hvíldarinnlögnina er æskilegt er að hafa með sér:

- Lyf og lyfjakort
- Inniskó
- Snyrtivörur (sjampó, tannkrem, rakvél, raksápu)
- Innifatnað (föt til skiptanna), náttföt og nærföt
- Útiföt
- Létt teppi

Hér á eftir eru nokkrar hagnýtar upplýsingar:

Fatnaður/þvottur

Aðstandendur annast þvott/hreinsun á persónulegum fötum dvalargesta. Vinsamlegast merkið fatnað og hjálpartæki (hægt er að nota fatatússpenna), því ef upp koma óhöpp verður þvegið á deildinni.

Sæng, koddar og sængurföt eru lögð til af Hrafnistu, nema annars sé óskað, sömuleiðis rúmföt og handklæði.

Lyf

Dvalargestir eru beðnir um að koma með eigin lyf eða lyfjarúllur sem þegar hafa verið skömmtuð og fá samsvarandi lyfjaskammta með sér heim að dvöl lokinni. Þetta á einnig við um augndropa og innúðalyf. Athugið að hafa lyfjakort meðferðis.

Hjálpartæki

Dvalargestir koma með göngugrindur, hjólastóla og önnur þau hjálpartæki sem eru nauðsynleg. Bleiur eru útvegaðar á deildinni.

Reykingar

Athugið að reykingar eru ekki leyfðar á herbergjum.

Matatímar

- Morgunmatur 8:30 – 09:00
- Hádegismatur 11:30 – 12:00
- Kaffi 14:30- 15:15
- Kvöldmatur 17:20 – 18:30

Ísskápur er á herberginu.

Heimsóknartími

Heimsóknagestir eru velkomnir allan daginn, við viljum biðja aðstandendur um að sýna tilitsemi á matartímum því flestum er mikilvægt að þá sé ró og friður. Húsið er læst frá kl. 22:00 til 07:00 en vaktmaður sér um að opna fyrir þeim sem koma á þeim tíma. Af öryggisástæðum þarf að tilkynna hjúkrunarfræðingi á vakt um fjarveru.

Önnur þjónusta á Hrafnistu er m.a.:

- Hjúkrunar-/læknisþjónusta
- Endurhæfing- sundlaug- íþróttir
- Iðjuþjálfun
- Vinnustofa/virkni
- Prestþjónusta
- Fót- og snyrtiþjónusta
- Hársnyrting/hárgreiðsla
- Púttvöllur
- Boccia
- Verslun
- Bókasafn
- Banki
- Ofl.

Nánari upplýsingar

Margrét Albertsdóttir félagsráðgjafi

Sími 585-9500 gsm 664-9468

netfang margret.albertsdottir@hrafnista.is

Hrafnista Reykjavík

Ruth Árnadóttir samskiptafulltrúi

Sími 585 9462 gsm 693-9562

netfang ruth@hrafnista.is

Hrafnista í Hafnarfirði

Guðríður Sigurðardóttir,

hjúkrunardeildarstjóri

Sími 585-3150 gsm 664 9438